



Leikskólinn Lyngheimar 2026 - 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit.

1. Greinagerð leikskólastjóra.
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027
4. Starfsþróunarsamtöl
5. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva
7. Foreldrasamstarf
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal
9. Þróunarverkefni
10. Fylgiskjöl:
 - Innra mat deildar/deilda 2025-2026.
 - Umbótaáætlun deilda/deilda 2026-2027
 - Umsögn foreldraráðs





Greinagerð leikskólastjóra.

Skólaárið á Lyngheimum veturinn 2025–2026 gekk mjög vel. Skólinn hóf starf sitt um haustið fullmannaður með frábærum kennurum og mikil samstaða og vinátta ríkti meðal starfsfólksins. Aðlögun nýrra barna hófst í lok ágúst og alls voru 27 börn aðlöguð. Aðlögunin gekk vel og bæði börn og foreldrar fundu sig fljótt vel í nýju umhverfi.

Vetrarstarfið hófst af krafti um miðjan september. Haustið byrjuðum við á að vinna verkefni tengd Degi íslenskrar náttúru þar sem við nýttum efnivið úr nærumhverfinu. Einnig tókum við þátt í Plastlausum september og unnum skapandi verkefni úr plasti sem fannst í umhverfinu.

Í október lögðum við sérstaka áherslu á vináttuna í samstarfsverkefni allra deilda sem fékk nafnið *Vinaferð í Lundinn í Gufunesbæ*. Markmið verkefnisins var að efla vináttu, samvinnu og ábyrgð meðal barnanna. Þegar verkefninu lauk fengu börnin að segja frá upplifun sinni. Þau nefndu meðal annars hvað það hefði verið gaman að hjálpa yngri börnum, spjalla við vini, klifra í trjánum og sitja við fallegan eld.

Í nóvember var opið flæði um leikskólann með áherslu á leik barna og hlutverk kennara í leikum. Kennarar fylgdust með leik barnanna, skráðu athuganir og studdu leikinn með spurningum og viðbótarefni án þess að stýra honum.

Í desember var hefðbundin og notaleg jóladagskrá þar sem við bjuggum meðal annars til okkar eigið jólatré og nutum saman ýmissa skemmtilegra jólahefða.

Undanfarin ár hefur skólinn verið með samstarfsverkefni milli heimilis og skóla. Í ár hófum við verkefnið *Lestrarhestar* sem tengdist læsi og lestri bóka. Börnin völdu sér bók til að taka með heim þar sem foreldrar lásu fyrir þau eða skoðuðu myndirnar með þeim og áttu saman góða stund. Í kjölfarið sögðu börnin frá bókinni í samverustund. Verkefnið vakti mikla gleði bæði meðal barna og foreldra.

Skólinn hefur lengi stefnt að því að verða UNICEF-skóli og á nýju ári var lögð sérstök áhersla á það markmið. Teymið sem hefur stýrt innleiðingu Heillaspora leiddi þá vinnu í vetur og hefur innleiðingin gengið mjög vel. Það er því ánægjulegt að Lyngheimar fá viðurkenningu sem UNICEF-skóli núna í maí.

Lyngheimar fékk einnig góða niðurstöðu í könnuninni *Stofnun ársins*. Þó að formleg viðurkenning hafi ekki komið í okkar hlut að þessu sinni fengu stjórnendur sérstaka viðurkenningu frá starfsfólki Lyngheima, sem er afar dýrmæt og vel metin.



Á næsta skólaári verður áfram lögð áhersla á verkefni tengd Barnasáttmálanum og þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Við ætlum áfram að vinna með lýðræði og læsi og leggja áherslu á að raddir barna fái að heyrast og sjást í daglegu starfi með virku barnaráði.



Við höldum einnig áfram að vinna með vörður Heillaspora; stöðugleika og öryggi í umhverfinu, tilfinningalegt öryggi, tengsl og samkennd, hlýju, umhyggju og vellíðan. Einnig verður áfram lögð áhersla á næmni, meðvitund og skilning á hegðun og námi sem tekur mið af þroska barnsins.

Sköpun og listasmiðjan okkar verða áfram hjarta leikskólans. Á næsta skólaári stefnum við að því að vinna meira með nærumhverfið og þann efnivið sem þar er að finna. Börnin fá tækifæri til að skoða umhverfið og skapa nýja hluti úr því sem verður á vegi þeirra.

Við ljúkum svo vorönninni með hefðbundnum og skemmtilegum hætti; útskrift elsta árgangsins, sumarhátíð og sýningu á verkum barnanna.

Sumarkveðja Kristín leikskólastjóri

Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Ytra mat er unnið út frá niðurstöðum könnunarinnar Stofnun ársins 2025. Lyngheimar voru í flokki fyrirtækja með færri en 24 starfsmenn og lentu í 25. sæti í þeim flokki. Þrátt fyrir það fengum við afar góða heildarniðurstöðu, eða 4,694.

Ef við berum okkur saman við alla leikskóla í Reykjavíkurborg komum við mjög vel út og erum þar í hópi þeirra skóla sem fá mjög góðar heildarniðurstöður.

Niðurstöður — Stofnun ársins 2024
Heildastig fyrir hvern þátt:

- Stjórnun: 4,86
- Starfsandi: 4,85
- Launakjör: 3,44
- Vihnuskilyrði: 4,71
- Sveigjanleiki: 4,63
- Sjálfstæði í starfi: 4,78
- Ánægja og stolt: 4,86
- Jafnrétti: 4,88
- Ímynd stofnunar: 4,86





Ytra mat

Hvað var metið	Sjá lista hér að ofan
Hvernig fór matið fram	Starfsmenn svöruðu stöðluðum spurningum
Hverjir tóku þátt í matinu	Starfsmenn Lyngheima 80-100%
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöðurnar voru mjög góðar. Helstu styrkleikar okkar eru öflugur starfsandi, góð stjórnun og gott skipulag. Tækifæri til umbóta felast í því að halda áfram því góða starfi sem unnið er og þróa starfsemina enn frekar.

Innra mat

Hvað var metið	
Hvernig fór matið fram	Starfsmenn svöruðu spurningum um starfið í gegnum form.office.com.
Hverjir tóku þátt í matinu	Starfsmenn Lyngheima.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Helstu niðurstöður matsins að starfsmenn vilja meiri fræðslu um þátttöku kennara í leik barna. Innleiðing Barnasáttmála Unicef gekk vel og flestir sammála um að innleiðinginn sé mjög sýnileg inn í starfinu. Spurt var um samverustundir, kennarar vilja halda sama skipulagi en gera samverustundir markvissari og betur undirbúnar. Spurt var um Skólanámskrá leikskólans hvort starfsmenn hafi lesið hana og hvort hún nýtist þeim í starfi. 16 af 24 starfsmönnum höfðu lesið hana og segja hana gefa góða mynd af starfi leikskólans og hver eru grunnildir skólans.

Umbótaáætlun leikskólans fyrir árið 2026-2027

Umbótaráttur/matsráttur	Leikur barnanna með eða án þátttöku kennara
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að kennarinn taki meiri þátt í leiknum án þess að stýra leiknum. Að kennarinn verði meira vakandi og fljótari að bregðast við ef eitthvað kemur uppá í leik barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Markmið skólans er að festa virka þátttöku kennara í leiknum inn í menningu skólans þannig að leikur verði viðurkenndur sem mikilvægur þáttur í námi og starfi barnanna. Með sameiginlegri sýn starfsfólks á mikilvægi leiksins skapast umhverfi þar sem börn fá stuðning, öryggi og tækifæri til að þróa í gegnum leik.
Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Er þegar byrjað.
Hvenær og hvernig á að meta?	Könnun meðal starfsmann, foreldra og barna. Rýnihópur deildastjóra.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangur verkefnisins verður metinn með könnunum og samtölum við starfsmenn, foreldra og börn. Stefnt er að því að niðurstöður sýni jákvæða upplifun af breytingunum og að aukin þátttaka kennara í leiknum hafi haft jákvæð áhrif á, vellíðan barna, samskipti og þátttöku í leik, gæði leikumhverfisins, samstarf og sýn starfsfólks á mikilvægi leiksins.



Umbótaþáttur/matsþáttur	Innleiðing barnasáttmálans Unicef og sýnileiki í starfi skólans
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að kynna verkefnið og markmiðin vel til starfsmann og foreldra. Að setja upp skýr og sýnileg markmið með tímaplani.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, deildarstjórar og teymi verkefnisins.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	Er þegar byrjað.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Rýnihópar, viðtöl við börnin og könnun meðal starfsmanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að skólin fái viðurkenningu sem Unicef skóli, og að börnin þekki rétt sinn og finni að þau hafi rödd.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Samverustundir
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að setja okkur skýrari markmið með samverustundum, þar sem markmiðin eru t.d hlustun, lestur bóka, efling orðaforða og söngur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að hver deild setji sér skýr markmið með samverustundum eftir aldri og þroska barnanna. Að vinna út frá markmiðunum og að undirbúningurinn fyrir samverustundirnar sé gerður fyrir fram.
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax í haust .
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir, hver deild geri könnun meðal kennara á deildinni.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að markmiðunum sem sett voru að hausti hafi verið náð.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Skólanámskrá Lyngheima gefin út janúar 2025
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að allir starfsmenn fái kynningu á skólanámskrá skólans og hafi lesið hana. Að skólanámskráin sé það sem skólinn stendur fyrir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að farið sé yfir skólanámskrána á hverju hausti. Að starfsmönnum sé gefinn tími til að lesa og kynna sér skólanámskrána.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax í haust.
Hvenær og hvernig á að meta?	Í lok haustannar, fara yfir hvort markmiðinu var náð.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allir starfsmenn leikskólans séu meðvitaður um að vinnan okkar sé í takt við það sem stendur í skólanámskrá skólans.

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl á Lyngheimum fara fram tvisvar á ári. Á haustönn fara þau fram í lok október. Ekki er skylda að skrá sig í þau viðtöl, en starfsmenn eru hvattir til þess.

Á vorönn fara viðtöl fram í lok mars. Viðtölin í mars eru skylduviðtöl og öllum starfsmönnum er gefinn tími í viðtal.

Í viðtölunum er notað eyðublað sem er aðgengilegt á Fróða. Á vorönn geta starfsmenn valið hvort viðtalið fari fram í leikskólanum eða í lértri göngu í hverfinu. Þetta viðtalsform hefur gefist vel.

Óskir starfamanna varðandi símenntun eftir starfsþróunarsamtöl voru mjög skýr. Starfsmenn vildu fá fræðslu hvernig best sé að taka á óæskilegri hegðun barns. Fá fræðslu um hugmyndafræði Reggio Emilio og fá tækifæri til að heimsækja aðra leikskóla.



Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.

September 2026 Dagurinn verður notaður til að skipuleggja haustönnina, deildarfundir og gerð markmið fyrir veturn. Fræðsla varðandi óæskilega hegðun barns/barna.

Nóvember 2026

Fá fræðslu um mikilvægi leiksins og þátttöku kennara í leiknum. Heimsækja aðra leikskóla og fá kynningu á starfi skólans.

Janúar 2027

Dagurinn verður nýttur til að skipuleggja starfsemi vorannar. Einnig verður slysavarnanámskeið á dagskrá.

Febrúar 2027

Dagur leikskólans. Skipulögð verður fræðsla tengd stefnunni okkar Reggio Emilio, hópefli og gleði fyrir starfsfólk.

Apríl 2027

Dagurinn verður nýttur til innra mats og þátttöku í menntastefnumóti.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva er unnið í samstarfi við Rimaskóla. Undanfarin ár hefur samstarfsáætlunin verið send út að hausti. Foreldrar elstu barna leikskólans fá áætlunina senda með tölvupósti í byrjun haustannar.

Samstarfið hefur verið í föstum skorðum og gengið vel.

Markmið samstarfsins er að efla samskipti og samvinnu milli þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun barna frá leikskóla yfir í grunnskóla. Einnig er markmiðið að draga úr kvíða hjá leikskólabörnum sem getur fylgt því að hefja skólagöngu.

Elsti ágangur heimsækir Rimaskóla		Fundir	Heimsóknir nemenda í 1 og 7 bekk
Bókasafnið: Sögustund á bókasafni Rimaskóla.		Að vori funda kennarar Rimaskóla og kennarar Lyngheima og fara yfir barnahópin sem þarf að skila sérstaklega.	Fyrsti bekkur Rimaskóla heimsækir Lyngheima og rifjar upp gamlar minningar
Íþróttir. Börnin mæta 2 á vetri í íþróttatíma.	Heimsókn í 1 bekk. Stafainnlögn, nesti borðað með 1. bekk Rimaskóla.	Að hausti funda skólastjórnendur leik og grunnskóla varðandi samstarf og skóla heimsóknir	Á degi íslenskrar tungu kemur 7. bekkur Rimaskóla í heimsókn á Lyngheima og nemendur lesa/syngja fyrir börnin.
Elsti árgangur mætir í danstíma.	Skoðunarferð um Rimaskóla. Skólastjóri Rimaskóla tekur á móti hópnum og sýnir þeim skólann.		Elsti árgangur heimsækir líka Frístundaheimilið. Heimsóknartími er ákveðinn í samstarfi við stjórnanda frístundaheimilis að hausti.





Foreldrasamstarf

Á síðasta skólaári settum við af stað samstarfsverkefni heimilis og skóla, „Dósaflípar geta átt framhaldslíf“. Því miður þurftum við að hætta að safna dósaflípum þar sem sá sem sá um að koma flípunum áfram hætti störfum og verkefnið lagðist því niður.

Í byrjun nóvember hófst læsi verkefnið Lestrarhestar í samstarfi við foreldra. Börnin völdu sér bók sem lesin var heima og þegar komið var í leikskólann sögðu börnin frá bókinni. Börnin og foreldrar sýndu verkefninu mikinn áhuga og tóku virkan þátt í því. Ákveðið var að endurtaka verkefnið í apríl á vorönn.

Leikskólinn er einnig í samstarfi við foreldra þegar kemur að söfnun skapandi efniviðar fyrir starfið. Börn og foreldrar eru dugleg að koma með alls konar efnivið sem við nýtum áfram í skapandi starfi með börnunum.

Leikskólinn býður foreldrum einnig 2–3 sinnum á ári í kaffi. Á vorin er haldið opið hús þar sem öllum er boðið á uppskeruhátíð leikskólans, sýningu á verkefnum barnanna og kaffi með því

Foreldraráð

Á Lyngheimum er starfandi foreldraráð. Í ráðinu sitja fjórir fulltrúar foreldra. Foreldraráðið er kynnt á sameiginlegum foreldrafundi að hausti.

Misjafnt er hvernig skipað er í foreldraráðið. Yfirleitt bjóða foreldrar sig fram til setu í ráðinu. Ef erfitt reynist að fá fulltrúa taka stjórnendur leikskólans samtalið við foreldra sem gætu haft áhuga á að taka þátt í starfinu.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir tvisvar á ári: Annars vegar kynningarfundur að hausti fyrir alla foreldra leikskólans og hins vegar kynningarfundur fyrir nýja foreldra.

Haustfundur

Haustfundurinn er yfirleitt haldinn í lok september eða í byrjun október. Foreldrum er boðið á kvöldfund þar sem farið er yfir skipulag og áherslur skólaársins, sem og samstarf heimilis og skóla. Í lok fundar er boðið upp á kaffi og notalegt spjall.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra

Fundurinn er yfirleitt haldinn um miðjan ágúst. Þar er starf og áherslur leikskólans kynnt í máli og myndum. Deildarstjórar segja frá starfi sinnar deildar. Í lok fundar er boðið upp á spjall og foreldrum gefst tækifæri til að skoða leikskólann, heimsækja deildirnar og hitta deildarstjóra.





Foreldrafélag

Á Lyngheimum er starfandi foreldrafélag. Í félaginu sitja tveir fulltrúar frá hverri deild leikskólans. Á haustfundi foreldra eru kosnir nýir fulltrúar í foreldrafélagið í stað þeirra sem ekki gefa kost á sér til áframhaldandi starfa eða eiga barn sem er að hætta í leikskólanum.

Fyrsti fundur foreldrafélagsins er haldinn í byrjun október. Á þeim fundi er skipað í embætti formanns, ritara og gjaldkera. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum, en fastir fundir eru þrjár á ári: Haustfundur, jólafundur og vorfundur.

Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum yfir skólaárið, svo sem vorferð, sumarhátíð og piparkökudegi fyrir jólin. Einnig hefur foreldrafélagið styrkt leikskólann með ýmsum viðburðum, svo sem leiksýningum og öðrum skemmtilegum uppákomum fyrir börnin.

Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2026–2027

- Miðvikudagur 30. september 2026
- Sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Grafarvogi.
- Föstudagur 6. nóvember 2026
- Föstudagur 4. desember 2026
- Mánudagur 11. janúar 2027
- Föstudagur 5. febrúar 2027
Dagur leikskólans – sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Reykjavík.
- Þriðjudagur 27. apríl 2027
Menntastefnumót – sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Reykjavík.

Innra mat Knútskot 2025-2026

Deild/aldur barna Knútskot/1-2 ára

Umbótapáttur/matspáttur	Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla orðaforða og tjáningu. Börnin hvött til að hafa orð á athöfnum. Æfa sig að sitja kyrr í samverustundum, hlusta og taka þátt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það	Ritmálið er sýnilegt á deildinni. Umhverfi barnanna styður við máltöku og málþroska. Lestur bóka, sögupoka og loðtöflusögur. Söngur, vísur og þulur. Lubba stundir.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	Unnið jafnt og þétt yfir árið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Samverustundum og í daglegum athöfnum í leikskólanum. Tras skráning á málþroska ungra barna. Foreldraviðtöl og deildarfundir.
Viðmið um árangur	Að börnin eflist í málþroska og auki orðaforða sinn. Betri framburður og málskilningur. Að þeim fari fram í að hafa orð á athöfnum.

Deild/aldur barna Knútskot/1-2 ára

Umbótapáttur/matspáttur	Sjálfselling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að börnin fái gott tækifæri til að æfa sig í að gera sem mest sjálf, klæða sig, ganga frá o.fl. Hvött til að fara á klósett/kopp og mikilvægi handþvotts. Virk þjálfun við matarborðið, að æfa sig að borða með hnifapörum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kennarinn sýnir börnunum umhyggju og gefur sig að þeim og sinnir grunnþörfum þeirra, hvetur og aðstoðar þau við að æfa sig að gera



	sjálf og að þau fái að vera virkir þátttakendur í daglegu starfi í leikskólanum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? Hvenær og hvernig á að meta	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Deildarfundum. Foreldravíðtölum. Daglegum athöfnum í leikskólanum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin verða virkir þátttakendur í daglegum athöfnum í leikskólanum, sjálfstraust og frumkvæði barnanna eykst og börnin fá aukna trú á eigin getu.

Deild/aldur barna Knútskot/1-2 ára

Umbótapáttur/matspáttur	Félagsfærni/Leikur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Kennarar sjá um að skapa jákvætt og notalegt andrúmsloft, leikurinn fær góðan tíma og rými til þess að þróast. Börnin læra samskipti og að vera hluti af heild. Opinn efniviður er aðgengilegur inni á deild.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin öðlist hæfni til að eiga árangursrík samskipti við hvort annað og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Rík áhersla er lögð á að börnin öðlist færni í að starfa saman, kanna umhverfið sitt og þróa færni.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Unnið jafnt og þétt yfir árið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir. Í daglegu starfi inni á deild. Í foreldravíðtölum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin læri að skiptast á og áhugi þeirra á hvort öðru sé á jákvæðan hátt. Úthald til leiksins eykst og smám saman verða börnin virkir þátttakendur í því starfi sem á sér stað í leikskólanum.

Innra mat Knútskot 2025-2026

Styrkleikar

Í vetur höfum við skapað ríkulegt málumhverfi þar sem börnin fá daglega tækifæri til að hlusta, tjá sig og eru hvött til að setja orð á athafnir sínar. Lögð er rík áhersla á söng og lestur bóka og taka börnin virkan þátt í því starfi. Farið er í leiki og söngva þar sem unnið er markvisst með hljóðkerfisvitund, orðaforða og málproska.

Lubba-stundir eru reglulega á dagskrá og er áfram unnið með stafina í gegnum fjölbreytt skynjunarverkefni. Til dæmis mótuðu börnin „andarunga“ úr jarðleir þegar Lubbi kynnti stafinn Aa.

Börnin fá tækifæri til að prófa sig áfram í öruggu umhverfi, æfa sig í að gera sjálf og vera virkir þátttakendur í daglegu starfi deildarinnar.

Áhersla er lögð á samveru, samvinnu og jákvæð samskipti. Í gegnum daglegt starf læra börnin að biðja, deila, tjá tilfinningar sínar og taka tillit til annarra.

Tækifæri

Læsi: Auka markvissa notkun bóka. Lengja samverustundir jafnt og þétt með lestri lengri bóka og kenna/kynna þeim fyrir skemmtilegum lögum, vísum og þulum.

Sjálfsþing: Börnin fá tækifæri til að taka virkan þátt í daglegu starfi. Þau eru hvött til að aðstoða við einfaldan frágang eins og eftir morgunmat og taka saman dótið. Gefa þeim lengri tíma í fataklefanum í að æfa sig að gera sjálf.

Félagsfærni: Gefa leiknum góðan tíma og rými til að þróast. Að kennarinn sé til staðar fyrir börnin í leiknum.

Nota meira opinn efnivið.



Innra mat Guddumói 2025-2026

Guddumói / Börn 2-3 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur	Aðlögun barna og foreldra við upphaf leikskólagöngu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að skapa rólegt og öruggt umhverfi sem auðveldar börnum að aðlagast. Að upplýsa foreldra vel fyrir upphaf aðlögunar og byggja upp góð samskipti milli starfsfólks og foreldra á fyrstu vikunum. Að veita foreldrum stuðning og ráðgjöf í aðlögunarferlinu. Að meta reglulega hvernig aðlögun gengur og bregðast hratt við ef þörf er á.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það	Að aðlaga umhverfið eftir þörfum barnanna (húsgögn, leikföng, námsefni, baðherbergi). Að útbúa áætlun um aðlögun með tímaramma og ábyrgðarskiptingu starfsfólks. Að útbúa áætlun um aðlögun með tímaramma, dagskipulagi og góðum ráðum fyrir foreldra. Að koma á reglulegum samskiptum við foreldra fyrstu dagana. Að skrá athuganir og meta reglulega hvernig barninu gengur að aðlagast. Að gera breytingar á aðlögun ef merki eru um vanlíðan eða erfiðleika.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá ágúst til lok september.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Safna endurgjöf frá foreldrum og starfsfólki til að bæta ferlið til framtíðar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin sýna öryggi og vellíðan í aðlögunarferlinu. Foreldrar fá viðeigandi stuðning og ráðgjöf á meðan aðlögun stendur yfir. Þau upplifa traust og ánægju með aðlögunina og samskipti við leikskólann.

Guddumói / Börn 2-3 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur	Málþroski
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa markvisst og hvetjandi málumhverfi sem styður við málþroska barna í leik og daglegu starfi. Að nýta myndrænt stuðningsefni (tákn, myndir, orðaspjöld, dagskipulag, myndrænar vísbendingar) til að styðja við skilning og tjáningu. Að efla orðaforða, skilning og tjáningu barna þannig að þau geti betur látið í ljós þarfir sínar, tilfinningar og að deila hugmyndum sínum. Að styrkja íslenska málkunnáttu barna með fjölbreyttum og markvissum aðferðum. Að innleiða reglulegar og skipulagðar málörvandi stundir (t.d. Lubba-stundir) sem stuðla að virkri þátttöku barna og málþroska.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að skipuleggja daglegt málörvandi starf og innleiða reglulegar málörvandi stundir með áherslu á samtöl, söng, vísur og lestur. Að efla áhuga barna á lestri með frjálsum aðgangi að bókum og lestrarstundum í litlum hópum. Að skapa ríkulegt málumhverfi með sýnilegu efni (myndir, orðaspjöld, merkingar, myndrænt dagskipulag, myndrænar vísbendingar í umhverfi barnanna). Að skipta börnum í minni hópa til að vinna markvisst að eflingu málþroska. Að nýta leik markvisst sem vettvang til að örva málþroska, með áherslu á hlutverkaleik og samskipti barna. Að fylgjast reglulega með málþroska barna til að geta brugðist tímanlega við þörfum þeirra. Að efla samstarf við foreldra með upplýsingagjöf og hugmyndum að málörvun heima. Að hvetja og styðja starfsfólk deildarinnar til að efla þekkingu sína á málþroska barna og leiðum til að styðja hann. Að endurskoða skipulag rýma og daglegt starf reglulega til að tryggja að þau styðji við málþroski barna.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta reglulega framfarir barna á deildarfundum. Meta framfarir barna á foreldrafundum og í daglegum samskiptum með forráðamönnum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn sýna aukinn áhuga á samskiptum og taka virkari þátt í samtölum við fullorðna og önnur börn.





	Orðaforði barna eykst og þau tjá betur þarfir sínar, hugsanir og tilfinningar með orðum. Börn sýna aukinn áhuga á bókum, lestri og málörvandi stundum. Framfarir í málþroska eru sýnilegar í niðurstöðum úr EFI og TRAS og að mati starfsfólks. Foreldrar eru upplýstir um framfarir barna og taka þátt í að styðja málþroska þeirra heima.
--	--

Guddumói / Börn 2-3 ára

Umbótapáttur/matspáttur	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skipuleggja umhverfið í samræmi við forsendur Heillaspora þannig að það styðji við sjálfstæði barna. Að skapa tækifæri fyrir börn til að efla sjálfstæði sitt í baðherbergi, við matarborð og í fataklefa. Að gefa börnum nægan tíma til að takast á við og leysa verkefni sjálf. Að nota jákvæða hvatningu og hrós til að efla sjálfstraust og trú á eigin getu. Að hvetja börn til sjálfstæðrar ákvarðanatöku með því að bjóða upp á einfalda valkosti (t.d. velja leikföng, leiksvæði eða mat).
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að endurskoða skipulag rýma reglulega til að tryggja að þau styðji við sjálfstæði barna. Að skipuleggja daglegt starf þannig að hægt sé að gefa börnum nægan tíma til að ljúka verkefnum sjálf án þess að flyta sér. Að innleiða markvissar æfingar sem efla færni barna.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta reglulega framfarir barna á deildarfundum. Meta framfarir barna á foreldrafundum og í daglegum samskiptum með forráðamönnum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Umhverfið tekur mið af þroska barna í samræmi við forsendur Heillaspora (með góðu aðgengi að efniviði og myndrænu skipulagi). Börn sýna aukið sjálfstæði í daglegum athöfnum. Börn taka oftari sjálfstæðar ákvarðanir þegar þau fá valkosti og sýna aukið sjálfstraust og trú á eigin getu. Starfsfólk gefur börnum nægan tíma til að leysa verkefni sjálf og beitir jákvæðri hvatningu.

Innra mat Guddumóa 2025-2026

Styrkleikar

Aðlögun deildarinnar að þörfum tveggja til þriggja ára barna í samræmi við forsendur Heillaspora gekk vel. Umhverfið er aðgengilegra og betur aðlagað þörfum barna. Myndrænt efni í hæð barna styður sjálfstæði og þátttöku barna í leik og daglegu starfi.

Efling málþroska barna hefur gengið vel á skólaárinu. Framfarir eru sýnilegar í orðaforða, tjáningu og þátttöku barna í samræðum. Markviss málörvun, meðal annars í gegnum Lubba, myndrænt efni, samverur og þemavinna, hafa haft jákvæð áhrif á málskilning og tjáningarhæfni barnanna. Börn með íslensku sem annað mál hafa einnig sýnt aukinn skilning og meiri þátttöku í samskiptum og daglegu starfi.

Markviss vinna með sjálfstæði barna hefur skilað góðum árangri. Börnin sýna aukna færni í daglegum athöfnum, taka meira frumkvæði og þurfa síður stuðning frá fullorðnum. Sjónrænt skipulag og skýrt, aðgengilegt námsumhverfi hafa reynst mikilvægir stuðningsþættir sem efla sjálfstæð vinnubrögð, ákvarðanatöku og virka þátttöku barna í leik og daglegu starfi.

Tækifæri

Læsi og málþroski ættu að vera í forgrunni á næsta skólaári. Niðurstöður úr EFI og TRAS benda til þess að mikilvægt sé að auka einstaklingsmiðaða nálgun í málörvun. Einnig væri æskilegt að skapa fleiri tækifæri til samtala í litlum hópum, þar sem það getur haft jákvæð áhrif bæði á málþroska og félagsfærni barna.

Mælt er með því að leggja aukna áherslu á samskipti og tengslamyndun innan hópsins, þar sem



sum börn eiga enn erfitt með að virða mörk annarra. Gott væri að halda áfram markvissri vinnu með Barnasáttmálann.

Einnig er mikilvægt að halda áfram að efla sjálfstæði barna, sérstaklega í fataklefa og við matarborð. Börnin á Guddumóa eru orðin mjög sjálfstæð á þessum sviðum og tilbúin til að takast á við auknar kröfur. Æskilegt er að gera auknar kröfur varðandi líkamsvitund. Börnin hafa tileinkað sér góðar hreinlætisvenjur og næsta skref er að efla enn frekar færni þeirra í að halda andliti sínu hreinu og snyrtilegu.

Innra mat Fjósaklettar 2025-2026

Fjósaklettar börn 4-5 ára

Umbótapáttur/matspáttur	<p>Lýðræði: Halda áfram að efla þátttöku barna í daglegu starfi og kynna þeim einfaldar leiðir til að hafa áhrif á umhverfi sitt.</p> <p>Sjálfsefning: Efla sjálfsmynd, sjálfstæði og trú barna á eigin getu með því að hvetja þau að gera sjálf.</p> <p>Læsi: Efla læsi á umhverfið í kringum þau, auka orðaforða og kynna þau fyrir ritmáli og táknum.</p> <p>Sköpun: Halda áfram að efla sköpunargleði barna og hvetja þau til að nýta hugmyndaflug sitt í leik og starfi.</p>
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<p>Lýðræði: Lögð áhersla á að börn fái að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á sitt daglega líf.</p> <p>Sjálfsefning: Að börn taki aukinn þátt í daglegum athöfnum, svo sem í fataklefa, við matarborð og í sjálfsumhirðu með stuðningi eftir þörfum.</p> <p>Læsi: Áhersla er lögð á að efla málþroska og orðaforða barna. Auka skilning þeirra á táknum og merkingu og styðja þau í að tengja orð við upplifun sína og kynnast ritmáli í daglegu starfi, í samræmi við aldur og þroska.</p> <p>Sköpun: Sköpun sé hluti af öllu daglegu starfi. Að börn fái fjölbreytt tækifæri til að tjá hugmyndir sínar og ímyndunarafli í gegnum leik, listsköpun, hreyfingu og könnun og upplifi að þeirra framlag sé metið.</p>
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<p>Lýðræði: Með því að hlusta á raddir barnanna og gefa þeim valkosti í leik og starfi t.d. nýta samveru í umræðum. Hafa einfaldar kosningar þannig að þau geti komið skoðunum sínum á framfæri og haft áhrif á daglegt starf og umhverfi.</p> <p>Sjálfsefning: Hvetja börn til að takast á við verkefni sjálfstætt og auka kröfur í samræmi við þroska þeirra. Stuðla að auknu sjálfstæði í daglegum athöfnum t.d. í fataklefa við að klæða sig, við matartíma að skammta og smyrja sjálf. Einnig efla færni í sjálfsumhirðu með áherslu á líkamsvitund t.d. fara sjálf á salerni og að halda sér hreinum og snyrtilegum með viðeigandi stuðningi og leiðsögn.</p> <p>Læsi: Læsi er fléttað inn í daglegt starf þar sem börn kynnast ritmáli og táknum og málþroski er eflur með fjölbreyttum leiðum eins og leik, samtölum, söng og lestri.</p> <p>Sköpun: Börnum er skapað hvetjandi umhverfi með fjölbreyttum efniviði þar sem þau hafa tíma og rými til að tjá sig og skapa á eigin forsendum.</p>
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við byrjun haustannar 2026 til lok vorannar 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið vorið 2027, viðtöl við börnin, stöðumat (könnun) og fara yfir umbótaáætlun.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eda mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<p>Lýðræði: Að börn taki þátt í einföldum ákvörðunum og sýni að þau upplifi að rödd þeirra skipti máli.</p> <p>Sjálfsefning: Að börn sýni aukið sjálfstæði í daglegum athöfnum.</p> <p>Læsi: Börnin eru farin að tengja orð, ritmál og tákni við athafnir og umhverfi sitt og sýna aukinn orðaforða og betri skilning.</p> <p>Sköpun: Að börn sýni frumkvæði í skapandi starfi og séu örugg í að tjá sig í gegnum leik og sköpun.</p>



Innra mat Fjósakletta 2025-2026

Styrkleikar

Góð samvinna hefur ríkt á deildinni og verið unnið markvisst eftir skipulögðu dagskipulagi þar sem hlutverk starfsfólks eru skýr og allir taka virkan þátt í daglegu starfi.

Læsi:

Efling læsis hefur gengið afar vel á skólaárinu. Daglegar lestrarstundir hafa verið fastur liður í starfinu og markvisst hefur verið unnið með málörvun í gegnum leiki, rím, hlustun og fjölbreytt samskipti. Verkefnið *Lestrarhestar* hefur reynst vel til að styðja við læsi barnanna, en í því fengu börnin að taka bók heim af leikskólanum, lesa hana með foreldrum sínum og segja síðan frá efni hennar í samverustund. Verkefnið hefur aukið þátttöku barnanna í umræðum og styrkt tjáningu þeirra, sjálfstraust og áhuga á bókum og lestri.

Sjálfsfelling:

Sjálfsfelling barnanna hefur tekið góðum framförum og sýna börnin á Fjósaklettum aukið sjálfstæði í daglegum athöfnum. Þau sinna í auknum mæli verkefnum tengdum fataklefa og matmálistímum sjálf, svo sem að skammta sér mat, smyrja og hella í glös. Með þessu fá börnin tækifæri til að efla sjálfstraust, ábyrgðartilfinningu og færni í sjálfshjálp.

Félagsfærni:

Unnið hefur verið markvisst að eflingu félagsfærni og jákvæðra samskipta. Lögð hefur verið áhersla á vináttu, samvinnu og virðingu í samskiptum barnanna. Börnin tóku þátt í vináttuverkefnum og komu sameiginlega að gerð deildarsáttmála þar sem settar voru fram reglur og viðmið sem stuðla að vellíðan og góðum samskiptum innan hópsins. Einnig var unnið markvisst með verkefnið Blæ sem styður við félags- og tilfinninga þroska barnanna.

Sköpun:

Vinna með sköpun hefur verið fjölbreytt og vel heppnuð. Börnin fengu tækifæri til að vinna með ólíkan efnivið og fjölbreyttar aðferðir bæði inni á deild og í listasmiðju. Áhersla var lögð á að börnin fengju svigrúm til að próa eigin hugmyndir, tjá sig á skapandi hátt og fá frelsi til eigin sköpunar. Í listasmiðju var meðal annars unnið með samþættingu tónlistar og myndlistar sem skilaði fjölbreyttu og metnaðarfullu starfi.

Tækifæri

Læsi:

Vinna með læsi og málþroska hefur gengið vel á skólaárinu, þó ávallt séu tækifæri til frekari þróunar og umbóta. Áhersla hefur verið lögð á að skapa umhverfi þar sem unnið er markvisst með læsi, orðaforða, hlustun, tjáningu og málskilning í daglegu starfi. Á síðasta skólaári var sett það markmið að leggja fyrir orðaforðagreiningar í upphafi og lok annar til að fylgjast með framförum barnanna og styðja við einstaklingsmiðaða málörvun. Það markmið náðist ekki að fullu og verður því lögð aukin áhersla á innleiðingu og eftirfylgni þeirra greininga á næsta skólaári.

Sjálfsfelling:

Sjálfsfelling barnanna hefur þróast vel og sýna börnin aukið sjálfstæði og ábyrgð í daglegum athöfnum. Til að efla þann þátt enn frekar er mikilvægt að samræma starfshætti starfsfólks og tryggja sameiginlega sýn á mikilvægi sjálfsfellingar í leikskólastarfi. Börn þurfa að fá tækifæri til að takast á við verkefni við hæfi, prófa sig áfram og læra af reynslu sinni í styðjandi umhverfi. Með markvissum og samræmdum vinnubrögðum starfsfólks má stuðla að auknu sjálfstrausti, seiglu og trú barnanna á eigin getu, sem eru mikilvægir þættir í alhliða þroska þeirra og vellíðan.

Félagsfærni:

Unnið hefur verið markvisst að eflingu félagsfærni barnanna með áherslu á samskipti, samvinnu og þátttöku í leik. Tækifæri til umbóta felast meðal annars í aukinni þátttöku kennara í leik barna, þátttaka kennara getur haft jákvæð áhrif á félagslega færni, samskipti og gæði leiks. Með því að vera virkir þátttakendur í leik geta kennarar betur stutt börnin í að próa samkennd, æfa lausnamiðuð samskipti og styrkja hæfni þeirra til að mynda og viðhalda jákvæðum tengslum við jafnaldra.





Innra mat Klappavör 2025-2026

Klappavör börn 5-6 ára

Lýðræði sjálfsefning, læsi, lýðræði	
Umbótapáttur/matspáttur	<p>Lýðræði: Halda áfram að efla og kynna fyrir þeim lýðræði og gera þau að meiri þátttakendum í daglegu starfi.</p> <p>Sjálfsefning: Hvetja þau áfram í að gera hlutina sjálf.</p> <p>Læsi: Að þau verði læs á umhverfið í kringum sig og geti tengt orð saman við athafnir. Kynnist ritmálinu og stöfunum.</p> <p>Sköpun: Halda áfram að efla þau og hvetja í að nýta hugmyndaflá sitt í sköpun. Og bjóða uppá tækifæri fyrir þau til að nýta sköpunarkraft sinn í starfi í gegnum daginn.</p>
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	<p>Lýðræði: Gefa þeim aukið og áframhaldandi tækifæri til að hafa áhrif á val daglegs starfs. Og að þau finni að þau hafi rödd.</p> <p>Sjálfsefning: Að þau hjálpi sér sjálf í t.d fataklefa, í matartímanum, salerninu.</p> <p>Læsi: Hafa sýnilegt ritmál, setja orð á athafnir, efla hlustun og orðaforða. Efla þekkingu þeirra á nærumhverfi sínu.</p> <p>Sköpun: Opið og hvetjandi umhverfi þar sem sköpuninni er gerð hátt undir höfði.</p>
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<p>Lýðræði: Kosningar, umræður, ábyrgð. Unnið í samverum og skipulögðu starfi yfir daginn.</p> <p>Sjálfsefning: Þau klæða sig sjálf, skammta sér sjálf matinn, æfa sig í að skeina sér sjálf.</p> <p>Læsi: Kennarinn þarf að setja orð á hluti í umhverfi barnsins, athafnir, reynslu, upplifun og tilfinningar og fylgja því eftir með fjölbreyttum aðferðum.</p> <p>Sköpun: Að hafa fjölbreytan efnivið tiltækan og að þau hafi tækifæri og rými til að nýta hann.</p>
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 til sumars 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið.	Metið vorið 2027, viðtöl við börnin, könnun, fara yfir umbótaáætlun.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<p>Að meta og sjá hvort lýðræðið sé að festast inn í menningu skólans.</p> <p>Lýðræði: Að þau átti sig á að rödd þeirra er marktæk og að þau hafa rétta á að nota hana.</p> <p>Sjálfsefning: Að þau séu sjálfstæð og sjálfbjarga.</p> <p>Læsi: að þau séu búinn að átta sig á að hægt sé að nota ritmálið til að skrá og breyta hugsun í texta. Að þau séu læs á umhverfið í kringum sig.</p> <p>Sköpun: Að þau séu örugg í sinni sköpun eftir sínu hugarflugi.</p>





Styrkleikar

Einn helsti styrkleiki deildarinnar felst í góðri samvinnu og faglegu samstarfi starfsfólks. Unnið hefur verið markvisst eftir skipulögðu dagskipulagi þar sem hlutverk og ábyrgð hvers starfsmanns eru skýr. Sameiginleg sýn starfsfólks á markmið og starfshætti deildarinnar hefur stuðlað að stöðugleika, samfellu og fagmennsku í daglegu starfi. Þau markmið sem sett voru í upphafi skólaárs, meðal annars varðandi lýðræði, sjálfsefningu og læsi, hafa verið sýnileg í öllu starfi deildarinnar. Áherslur deildarinnar endurspeglast bæði í skipulagi námsumhverfisins og í daglegum samskiptum og þátttöku barnanna. Börnin hafa fengið tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám og umhverfi

Tækifæri

Mikilvægt er að halda áfram að þróa og festa í sessi þá markvissu og faglegu vinnu sem hefur átt sér stað á deildinni undanfarin ár. Með áframhaldandi ígrundun, samvinnu og samræmdum starfsháttum skapast góðar forsendur til að viðhalda gæðum starfsins og stuðla að stöðugri þróun náms- og leiksumhverfis barnanna.

Tækifæri felast einnig í því að efla enn frekar markvissa vinnu með leik og félagsleg samskipti barnanna. Leikurinn er einn mikilvægasti námsvettvangur barna og gegnir lykilhlutverki í félags, tilfinninga og málproska þeirra. Aukin og meðvituð þátttaka kennara í leik barnanna getur styrkt samskipti þeirra, stutt við samvinnu og hjálpað börnum að takast á við þær áskoranir og ágreining sem geta komið upp í samskiptum. Með virkri leiðsögn og stuðningi í leik fá börnin tækifæri til að þróa félagsfærni, æfa lausnaleit og efla skilning á tilfinningum og sjónarmiðum annarra.

Leikskóladagtal fyrir skólaárið 2026-2027

ÁGOST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ Aðilaun	1 F	1 S	1 Þ Falldáttardagurinn	1 F Miðdagur	1 M	1 M Farsaldaríki	1 F	1 L Veraldsárvegin	1 Þ	1 F
2 S	2 M Dagsvörðun	2 F	2 M	2 M Kaldagssjálfsáttak	2 L	2 Þ Verktæki	2 Þ Farsaldaríki	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M Félagsvæðing	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M Verktæki	3 M Farsaldaríki	3 L	3 Þ	3 M	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F Skiptisdagur	4 M	4 F	4 F Farsaldaríki	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F Farsaldaríki	5 L	5 Þ	5 F Skiptisdagur	5 F Farsaldaríki	5 M	5 Þ	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ Niðarkefni	6 F Skiptisdagur	6 S	6 M Þrettíudin	6 L Dagur leikfélags	6 L	6 Þ Ógilti	6 F Únglingarvæðing	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M Niðarkefni	7 L	7 M Alþingi og Gríttung	7 F	7 S Dagur móttakarhúsa	7 S	7 M Ógilti	7 F	7 M	7 Þ
8 L	8 Þ Dagsvörðun	8 F	8 S	8 M Alþingi og Gríttung	8 F	8 M Balldagur	8 M	8 L	8 Þ	8 F	8 L
9 S	9 M	9 F	9 M	9 Þ	9 L	9 Þ Sýrnisdagur	9 Þ Verktækiþekki	9 F	9 S	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 L	10 Þ	10 F Svöðrun Tókra	10 S	10 M Ógilti	10 M Verktækiþekki	10 L	10 Þ	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M Skiptisdagur	11 F	11 L	11 S	11 Þ	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 M	12 F Ógilti	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 L
13 F	13 S	13 M	13 F Ógilti	13 S	13 M Ógilti	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 M	13 F
14 F	14 M	14 M Ógilti	14 L	14 M	14 F Ógilti	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 L
15 L	15 Þ	15 F Ógilti	15 S	15 M Alþingi	15 F	15 Þ	15 M	15 F	15 Þ	15 F	15 L
16 S	16 M Dagsvörðun	16 F	16 M Dagsvörðun	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F Flertærsefning	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Verktæki	17 M	17 L	17 Þ	17 F	17 L
18 Þ	18 F Flertærsefning	18 S	18 M	18 Þ	18 F	18 M	18 F	18 M	18 Þ	18 F	18 L
19 Þ	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 L
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 L	20 M	20 L	20 Þ	20 F	20 M	20 F
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 L
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 F	22 L
23 S	23 M	23 F	23 M	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 F	24 S	24 M	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 Þ	25 F	25 M	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 L
26 M	26 F	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 F	26 M	26 L
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 M	27 L
28 F	28 M	28 Þ	28 F	28 M	28 L	28 M	28 M	28 F	28 S	28 M	28 F
29 L	29 Þ	29 F	29 M	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 F	31 M	31 Þ	31 F	31 S	31 M	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F



Leikskólinn Lyngheimar
Reykjavík 1. júní 2026.
Kristín Helgadóttir leikskólastjóri





Starfsáætlun 2026 – 2027
Leikskólinn Lyngheimar



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bjarnveig Birta Bjarnadóttir
Bryndís Rut Óskarsdóttir
Pétur Freyr Sigurjónsson



Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, áherslur starfsáætlunar samræmast vel starfi leikskólans síðasta árs. Starfsáætlunin listar upp á skýran máta þau verkefni sem unnin voru á árinu ásamt fjölbreyttum matsþáttum.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Foreldraráð ályktar að það sé tilefni til að setja starfsáætlun upp á aðeins skýrari máta, með færri upplýsingum og myndum á hverri blaðsíðu. Stundum var erfitt að átta sig á hverju nákvæmlega var verið að lýsa.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin gefur mjög góða innsýn inn í starf leikskólans, þá þætti sem leikskólinn vill leggja áherslu á og þá þætti sem mættu bæta úr.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei

Fulltrúar í foreldraráði:

Bjarnveig Birta Bjarnadóttir

Bryndís Rut Óskarsdóttir

Pétur Freyr Sigurjónsson

